



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# ÞRÍR KONSERTAR OG SINFÓNÍA

---

22. NÓVEMBER 2012





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

---

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

---

### Áætluð tímalengd verka:

*Höfuðskepnur: 25'00"*

*Fíðlukonsert nr. 1: 25'00"*

*Fíðlukonsert nr. 2: 21'00"*

*Sinfónía nr. 7: 23'00"*

BAKHJARLAR:

---



GAMMA

# ÞRÍR KONSERTAR OG SINFÓNÍA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 22. NÓVEMBER 2012 » 19:30

---

**John Storgårds** hljómsveitarstjóri  
**Christian Tetzlaff** einleikari

---

**Haukur Tómasson**

*Höfuðskepnur, konsert fyrir hljómsveit (2012) (frumflutningur)*

- I. Marr*
- II. Ískurr*
- III. Ljósvalki*
- IV. „deyr beiskum dauða í rör sitt“*
- V. Skuggaskeið*

**Karol Szymanowski**

*Fíðlukonsert nr. 1, op. 35 (1916)*

- I. Vivace assai –*
- II. Vivace scherzando –*
- III. Kadensa*

**Hlé**

**Karol Szymanowski**

*Fíðlukonsert nr. 2, op. 61 (1933)*

- II. Moderato –*
- II. Allegrement*
- III. Andantino*

**Jean Sibelius**

*Sinfónía nr. 7 í C-dúr, op. 105 (1924)*



# John Storgårds

hljómsveitarstjóri

Finnski hljómsveitarstjórinn John Storgårds (f. 1963) er einn fjölmargra frábærra hljómsveitarstjóra sem komið hafa frá Finnlandi á undanförunum árum. Hann er í dag aðalstjórnandi Fílharmóníusveitarinnar í Helsinki auk þess sem hann verður aðalgestastjórnandi Fílharmóníusveitar BBC á næstkomandi starfsári. Storgårds sinnir þó ekki aðeins starfi hljómsveitarstjóra því hann er eftirsóttur fiðluleikari og kemur reglulega fram sem slíkur þó það hafi minnkað í samræmi við auknar annir við hljómsveitarstjórn. Storgårds gegndi stöðu konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar sænska Ríkisútvarpsins á árunum 1988-1995. Samhliða starfi konsertmeistarans sótti Storgårds tíma í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula og Eri Klas.

Meðal þeirra hljómsveita sem Storgårds stjórnar reglulega má nefna Sinfóníuhljómsveitina í Birmingham, Sinfóníuhljómsveit sænska Útvarpsins, Fílharmóníusveitir Osló og franska Ríkisútvarpsins, Skosku Kammersveitina, WDR-Sinfóníuhljómsveitina í Köln og Sinfóníuhljómsveitina í Bamberg.

Meðal samstarfsmanna og kvenna úr röðum einleikara má nefna Gil Shaham, Christian Tetzlaff og Frank Peter Zimmerman, Truls Mörk, Jean-Yves Thibaudet, Colin Curry, Sabine Mayer, Håkan Hardenberger, Kari Kriikku, Karitu Martillu og Matti Salminen.

Verkasvið Storgårds er afar fjölbreytilegt, allt frá tónlist klassíska tímabilsins til dagsins í dag. Hann leggur mikið upp úr að blanda saman tónlist frá ólíkum tímabilum tónlistarsögunnar þegar hann kemur fram. Storgårds hefur hljóðritað fjöldann allan af geisladiskum fyrir hin ýmsu útgáfufyrirtæki. Meðal þeirra er hljóðritun á verkum Hafliða Hallgrímssonar fyrir Ondine-útgáfuna þar sem hinn kunnir sellóleikari Truls Mörk var í hlutverki einleikara.



## Christian Tetzlaff

einleikari

Tæknileg fullkomin og ótrúlegt listrænt næmi eru lýsingarorð sem gjarnan eru notuð um fiðluleik þýska fiðluleikarans Christians Tetzlaff. Hann fæddist árið 1966 í Hamborg inn í tónlistarfjölskyldu en öll fjögur systkinin eru atvinnutónlistarmenn. Tetzlaff hefur komið fram með öllum bestu hljómsveitum heims og nægir að nefna í því sambandi Sinfóníuhljómsveitirnar í Chicago, Cleveland, Filadelfíu, London, Los Angeles, Boston, San Francisco, Concertgebouw í Amsterdam og Fílharmóníusveitir Berlínar, Vínar og New York. Meðal hljómsveitarstjóra sem hann vinnur reglulega með eru Pierre Boulez, Kent Nagano, Andris Nelsons og Simon Rattle.

Auk þess að koma fram sem einleikari með sinfóníuhljómsveitum starfrækir hann Tetzlaff-strengjakvartettinn og eins kemur Tetzlaff reglulega fram á kammertónleikum með píanóleikurunum Leif Ove Andsnes og Lars Vogt.

Christian Tetzlaff hefur einu sinni áður komið til Íslands. Það var á Listahátíð árið 2010 er hann lék á eftirminnilegum tónleikum ásamt Leif Ove Andsnes píanóleikara og systur sinni, sellóleikaranum Tönju Tetzlaff.

Tetzlaff hefur leikið inn á fjöldann allan af hljómdiskum fyrir virt útgáfufyrirtæki á borð við Deutsche Grammophone, Decca, EMI og Virgin og hafa hljóðritanir hans hlotið ýmsar viðurkenningar meðal annars Edison-verðlaunin, Diapason D'or og Midem Classical-verðlaunin auk nokkurra tilnefninga til Grammy-verðlauna.

Christian Tetzlaff leikur á fiðlu sem þýski fiðlusmiðurinn Peter Greiner smíðaði árið 2002 eftir hinni frægu Guarneri del Gesù.



## TÓNSKÁLDIÐ

Haukur Tómasson (f. 1960) hefur um árabíl verið í hópi okkar fremstu tónskálda og hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín og hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands margt leikið verk hans. Haukur lærði tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Atla Heimi Sveinssyni og Þorkeli Sigurbjörnssyni og síðar við Sweenlick-tónlistarháskólann í Amsterdam, Tónlistarháskólann í Köln og Kaliforníuháskólann í San Diego.

# Haukur Tómasson

Höfuðskepnur, konsert fyrir hljómsveit

Verkið *Höfuðskepnur* eftir Hauk Tómasson var upphaflega pantað fyrir um fimm árum síðan og var ætlað til flutnings í nýju tónlistarhúsi, Hörpu. Um tilurðina segir Haukur: „Húsið og staðsetning þess voru mér ofarlega í huga, þar sem frumöflin haf, land og norðangarrinn mæta menningunni.“

Tónskáldið lýsir verki sínu á eftirfarandi máta; „Fyrstur er jarðarkaflinn, Marr. Orðið marr fannst mér jarðarlegt og vísar það einkum til niðurlags kaflans þar sem unnið er með marrandi hljóð slagverkshljóðfæra. Ég var að hugsa um hvers konar hljóð eru „áþrefanleg“ en kaflanum má sjálfsagt einnig lýsa sem stöðum ef ekki stirðum. Einn hljómur liggur út allan tímann en er birtur á mismunandi hátt. Rytmanum til grundvallar er það sem ég kalla jarðarpúlsinn, ég las einhvers staðar að eldgos og jarðhræringar komi í bylgjum til skiptis með 5 og 10 milljón ára millibili. Ég ákvað að nýta þann rytma en hraða þeim rytma dulítið til að verkið yrði ekki of langt!

Næsti kafli er vatnskaflinn. Orðið ískurr er heimatilbúið en lýsir held ég hljóðheiminum sem gengur í gegnum hægfara ummyndun, frá föstu (frosnu) ástandi, gegnum flæði og yfir í lygnu. Talsvert er unnið með ískrandi hljóð framreidd af ýmsum hljóðfærum. Þá er það Ljósvakinn, sem er mest abstrakt kaflinn. Hann er byggður á symmetrískum rytma og formi, innblásinn af eter-mólekúlinu. Þetta er fremur finlegur og fámennur kafli, leikinn af sólistum eingöngu. Loftkaflinn sækir titil sinn í ljóð Braga Ólafssonar *Blue Hawaii* þar sem finna má þetta brot: „málmblastursmaður í subbulegum / N-Noregskjallara / deyr beiskum dauða í rör sitt“. Í þessum kafla skarast rólyndir blásarar við skjálega hljóma strengjanna. Hljóðfæraleikarar fá einnig að spreyta sig á lúmsku blístri. Loks er það eldurinn. Skuggaskeið er lokaskeið heimsins samkvæmt Vísindavef HÍ: „Í enn fjarlægri framtíð, þegar öll svarthol heimsins hafa gufað upp tekur við skuggaskeiðið (e. dark era). Þá verður aðeins eftir geislun í alheimi, leifar allra skeiða.“



# Karol Szymanowski

Fiðlukonsertar nr. 1 og 2

Pólska tónskáldið Karol Szymanowski (1882-1937) fæddist inn í afar vel stæða og menningarsinnaða fjölskyldu. Fjölskylda hans bjó á æskuárum Szymanowskis í Úkraínu þar sem hún átti miklar landareignir og sagði tónskáldið frá því síðar á ævinni að sér hafi leiðst mikið vistin í Úkraínu og því sökkt sér ofan í heim tónlistarinnar.

Yfirleitt er talað um þrjú tímabil í tónsmíðum Szymanowskis. Á fyrsta tímabilinu (1899-1913) sótti hann innblástur til rómantískra stórkompónista á borð við Wagner, Richard Strauss og Scriabin og voru fyrstu tónverk Szymanowskis mjög í anda síð-rómantíkur.

Að loknu tónlistarnámi lagðist hann í mikil ferðalög, svona eins og til þess að vinna upp tilbreytingarleysi æskuáranna í Úkraínu. Hann ferðaðist vítt og breytt um Evrópu og um Norður-Afríku og varð fyrir miklum áhrifum af því sem fyrir augu og eyru bar og ber annað tímabil tónsmíða hans (1914-1919) þess merki. Forn menningararfur Grikklands og Austurlanda nær heilluðu Szymanowski og má finna skýr dæmi þess í verkum hans.

Síðasta tónsmíðatímabilið (1920-1937) er hins vegar tímabilið þar sem Szymanowski gerði upp feril sinn og viðhorf sitt til listarinnar. Hann leitaði mjög í þjóðlagar af Póllands og leitaðist við að nálgast tónsmíðarnar á nýjan hátt, skapa sér sinn stíl, pólskan stíl.

*Fiðlukonsert nr. 1* samdi Szymanowski árið 1916 fyrir fiðluleikarann og vin sinn Pawel Kochanski. Konsertinn var saminn á því tímabili þar sem menning Grikklands til forna og Austurlanda nær stóð honum nærri og var það ætlan Szymanowskis að semja tónverk sem ekki væri bundið í hefðir og venjur tónlistar á Vesturlöndum. Útkoman er konsert sem er fyrir margra hluta sakir óvenjulegur. Þetta er líklegast fyrsti konsertinn sem saminn er án tengsla við hið hefðbundna dúr og moll kerfi. Þess utan er tilfinningin og stemmingin sem Szymanowski skapar í

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti fiðlukonsert nr. 1 eftir Szymanowski árið 1986 og var Szymon Kuran í hlutverki einleikarans. Fiðlukonsert nr. 2 hefur ekki hljómað í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands áður.*

skrifum sínum í senn frumleg og seiðandi. Að formgerðinni til er konsertinn heldur ekki hefðbundinn en sjálfur kallaði Szymanowski verkið konsertant tónaljód. Þó svo að verkið sé í þremur þáttum eru þeir ekki í samræmi við hefðir hins hefðbundna konsertforms. Nær væri að segja að þetta sé tónaljód með þremur ólíkum erindum sem hvert segir sína sögu, kannski ekki ósvipað og Chopin gerði í ballöðum sínum fyrir píanó. Fiðlukonsertinn er sérlega litríktur og fjölbreytilegur að allri gerð, bæði hvað varðar inntak og þær tilfinningar sem tónskáldið málara í tóna. Szymanowski skrifar virtúósiskan part fyrir einleikarann sem þó er ávallt innan ramma verksins hvað stemmingu varðar. Allt þetta gerir *Fiðlukonsert nr. 1* eftir Szymanowski að einum af eftirtektarverðustu fiðlukonsertum 20. aldarinnar.

Eins og fram kemur að ofan var fyrri fiðlukonsert Szymanowskis saminn fyrir fiðluleikarann Pawel Kochanski. Þessi aldavinur tónskáldsins hafði lengi beðið hann um nýtt verk en ekki tekist að fá hann til starfans enda Szymanowski önnum kafinn maður. Tækifærið til þess að semja verk fyrir fiðlu gafst loks þegar Szymanowski fór í langþráð frí til Zakapone í Suður-Póllandi sumarið 1932. Hann settist við skriftir og sóttist verkið vel, svo vel að hann lét senda með hraði eftir Kochanski til þess að fá hjá honum ráð varðandi skrif á einleikshlutanum. Við lok sumarleyfisins var Szymanowski kominn með fullburða drög að *Fiðlukonsert nr. 2* og lauk hann við verkið rétt um ári eftir að hann hófst handa.

Ein sextán ár skilja að fiðlukonsertana tvo og eru þeir á sitthvoru tímabilinu á tónsmíðuferli Szymanowskis. *Fiðlukonsert nr. 2* er afar ólíkur hinum fyrri að allri gerð. Seinni konsertinn er mun meira inn á við hvað varðar framsetningu á tilfinningum og skapgerð. Það er eins og meirt andrúmsloftið sé mettað af raunsæi og skírleika í músíkalskri hugsun. Laglínur, áferð tónlistarinnar og framsetning er einhvern veginn á allan hátt jarðbundnari. Óhætt er að fullyrða að fiðlukonsertar Szymanowskis séu mikilsvert framlag inn í flóru fiðlukonserta 20. aldarinnar.





## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fjórum sinnum áður leikið 7. sinfóníu Sibelíusar og stjórnaði Páll P. Pálsson verkinu fyrstur árið 1979. Síðan þá hafa þeir Osmo Vänskä (1994 og 2004) og Petri Sakari (2008) stjórnað sinfóníunni auk þess sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðritaði sinfóníuna undir stjórn Sakaris árið 2000 fyrir Naxos-útgáfufyrirtækið.

## Jean Sibelius

Sinfónía nr. 7 í C-dúr, op. 105

Árið 1912, rúmum áratug áður en finnska tónskáldið Jean Sibelius (1865-1957) lauk við sjöundu og síðustu sinfóníuna, ritaði hann í dagbók sína hugleiðingu um sinfónískar tónsmíðar; „Sinfóníu er hægt að bera saman við fljót, fljótið verður til úr minni lækjum sem leita hvers annars og verða að lokum að kraftmiklum sameinuðum straumi sem rennur til sjávar... en hver er uppsprettan?“ Seinna í sömu dagbókarfærslu svarar hann spurningunni: „Uppsprettur mínar eru músikölsk hugsun – mótífin, það er að segja, litlar hugmyndir taka á sig form og stækka og varða veg tónsmíða minna.“

Sjöunda sinfónía Sibelíusar er af mörgum talin hans mesta tónsmíð. Tónskáldið hafði um langt skeið velt fyrir sér tengslum forms og innihalds í tónlist og má segja að í sjöundu og síðustu sinfóníu sinni nái hann að samþætta innihald og form, samfellu sinnar músikölsku hugsunar.

Árið 1907 hittust þeir Gustav Mahler og Sibelius í Helsinki og á þeim fundi lét Mahler þau fleygu orð falla að sinfónían ætti að vera „eins og heimurinn – innihalda allt!“

Sibelius var þessu ekki sammála og sagði meginmarkmið sinfóníunnar vera að finna „hina djúpu, rökrænu framvindu, sem skapar innri tengsl milli allra stefjanna.“

Segja má að Sibelius tuki skrefið til fulls í sjöundu sinfóníu sinni. Verkið er í einum samfelldum þætti sem skipta má í fimm meginhluta: *Adagio – Vivacissimo – Adagio – Allegro molto – Adagio*.

Sibelius var fjarri því fyrsta tónskáldið til þess að semja tónverk þar sem ólíkir kaflar voru felldir í eina heild enda slíkt vinsælt meðal tónskálda rómantikurinnar. Sjöunda sinfónía Sibelíusar reyndist tónskáldinu erfið í fæðingu, hann drakk ótæpilega á meðan hann vann að verkinu og var skuldum vafinn. Þrátt fyrir erfiðleikana alla er sjöunda sinfónía Sibelíusar í senn innblásin tónsmíð og óvenjuleg. Sibelius átti ólífuduð ein 33 ár af ævi sinni en þrátt fyrir það reyndist sjöunda sinfónían hans síðasta meiriháttar tónsmíð.

Helgi Jónsson

# Hljómsveit á tónleikum

22. nóvember 2012

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Sif Margrét Tulinius  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Zbigniew Dubik  
Rósa Guðmundsdóttir  
Andrzej Kleina  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Lin Wei  
Laufey Sigurðardóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Mark Reedman

## 2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Roland Hartwell  
Þórdís Stross  
Pálína Árnadóttir  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Christian Diethard  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Stefanía Ólafsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Ásdís H. Runólfssdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Auður Ingvadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson  
Ármann Helgason

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson  
Darri Mikaelsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Geoffrey Winter  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## CELESTA

Valgerður Auður Andrésdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson





# AÐVENTUTÓNLEIKAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# MESSÍAS

— GEORG FRIEDRICH HÄNDEL —

Fá meistaraverk eru flutt jafn oft við þvillikar vinsældir og óratória Händels. Þetta er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og fyrir mörgum ómissandi hluti af jólaundirbúningnum. Ekki láta þessa einstöku aðventutónleika framhjá þér fara.

Mið. 05. DES. '12 » 19:30

Fim. 06. DES. '12 » 19:30

Georg Friedrich Händel

*Messias*

Nicholas Kraemer

hljómsveitarstjóri

Helen-Jane Howells,

Marianne Beate Kielland,

James Gilchrist og

Roderick Williams einsöngvarar

Kór Áskirkju,

Magnús Ragnarsson kórstjóri